

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2018

2019/EES/98/22

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 910/2014 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 51 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32014 R 0910**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjútíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 14. gr. er orðunum „, eða milli EFTA-ríkis og viðkomandi þriðja lands eða alþjóðastofnunar“ bætt við á eftir orðunum „218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- b) Samningsaðilarnir skulu upplýsa hver annan að því er varðar samningaviðræður og gerð samninga sem vísað er til í 1. mgr. 14. gr. og samráð haft, sé óskað eftir slíku, á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- c) Þegar Evrópusambandið á í samningaviðræðum sem vísað er til í 1. mgr. 14. gr. skal það leitast við að fullgild traustþjónusta sem veitt er af hálfu fullgildra traustþjónustuveitenda með staðfestu í EFTA-ríkjunum fái jafna meðferð.
- d) Í 51. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) í 3. mgr. koma orðin „sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2018 frá 9. febrúar 2018“ í stað orðanna „1. júlí 2017“,
 - ii) í 4. gr. koma orðin „eftir að sex mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2018 frá 9. febrúar 2018“ í stað orðanna „frá 2. júlí 2017“.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.